

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2008.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 159.– 149. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru meðal annars lagðar til breytingar á reglum um skráningu lögheimilis barna, reglum um sameiginlega forsjá sem og reglum um tilhögun umgengni foreldra við börn sín.

Laganefnd LMFÍ gerir eftirtaldar athugasemdir við efni framangreinds frumvarps.

Í fyrsta lagi er á það bent að í frumvarpinu felist óeðlileg skerðing á frelsi þess foreldris sem fer með forsjá barns til að flytja innan lands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að samþykki hins foreldris sé skilyrði fyrir breytingu lögheimilis barns. Slík skerðing er rökstudd með því að tryggja eigi að „lögheimilisforeldrið“ geti ekki upp á sitt einsdæmi flutt milli sveitarfélaga og jafnvel landshorna á milli, án samþykkis hins sem fer jafnframt með sameiginlega forsjá. Á það er bent af hálfu Laganefndar LMFÍ að grundvallarskilyrði reglunnar um sameiginlega forsjá er samkomulag foreldra. Það sé því óeðlilegt að löggjafinn skerði frelsi foreldris til að ákveða sjálft búsetu innan lands til þess að þvinga fram sameiginlegar ákvarðanir um þennan þátt forsjárskyldna foreldra.

Í öðru lagi er bent á að frumvarpið hafi að geyma ákvæði þar gert er ráð fyrir því að dómstólar geti dæmt foreldrum sameiginlega forsjá barna þeirra. Fyrirkomulagið sameiginleg forsjá grundvallast á því að foreldrar eigi samvinnu um ákvarðanir sem lúta að barninu auk þess sem lagðar eru skyldur á herðar foreldra um að virða rétt barna. Það er álit Laganefndar LMFÍ að lög þurfi að vera framkvæmanleg. Með fyrirhuguðum breytingum hefur löggjafinn ætlað þeim foreldrum sem hafa ekki getað samið um forsjárskipan og þurfa af þeim sökum að leita til dómstóla að þola dóm þar sem þeim er gert að hafa samvinnu og að taka sameiginlegar ákvarðanir um forsjá og hagsmuni barnsins. Slík þvinguð samvinna er ekki líkleg til að vera framkvæmanleg og þaðan af síður að vera vænleg fyrir hag barna.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.